

hæfilega sett 30 kr., er renni í landsjóð, en í stað sektarinnar komi 6 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd á réttum tíma.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, og ákveðst hann 40 kr.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda, Jakob Möller, eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi, Þorsteinn Gíslason, greiði 30 kr. sekt í landsjóð, eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Hann greiði og áfrýjanda 40 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 18/1912.

Magnús Torfason
gegn
Þorvaldi Jónssyni.

D ó m u r :

Í bréfi, dags. 28. nóv. 1910, til Magnúsar yfirrettar-málaflutningsmanns Sigurðssonar, fór áfrýjandi Magnús bæjarfógeti Tortason á Ísafirði svofeldum orðum um stefnda, Þorvald Jónsson útbúsbankastjóra þar: »Sama ofstoppan sýnir skjal það, er hann (stefndi) hefir smalað og látið smala 125 nöfnum á, og ei einstakt, að nokkur maður skuli leyfa sér að fleka samborgara sína til undirskrifta undir slíkt lygaskjal«. — — — »Þó tekur út yfir, að hann skuli jafn óþyrmilega hafa notað stöðu sína sem

útbankastjóri. — Ummæli þessi taldi stefndi ærumeiðandi og höfðaði því mál þetta fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar; voru ummælin með dómi réttarins, uppkeðnum 6. febr. f. á., dæmd dauð og ómerk, áfryjandi sektaður fyrir þau um 40 kr. til landsjóðs, er afplánast skyldu með 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin væri eigi greidd á ákveðnum tíma, og dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað. Svo voru og ýms ummæli um stefnanda og málfærslumann hans í varnarskjólum áfryjanda fyrir aukaréttinum dæmd dauð og ómerk, og áfryjandi sektaður fyrir ósæmilegan rithátt um 5 kr. til landsjóðs og 5 kr. til fátækra sjóðs Ísafjarðarkaupstaðar.

Þessum dómi og 2 úrskurðum, er upp voru kveðnur í málinu 2. og 3. jan. f. á., hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. maí f. á. Er það aðalkrafa hans, að málinu verði heim vísað til nýrri og betri meðferðar, að dómurinn verði dæmdur ómerkur, og að hinum áfryjuðu úrskurðum verði hrundið og breytt þannig, að kröfum áfryjanda um frest, er hrundið var með úrskurðunum, verði teknar til greina, eða til vara, að honum verði veittur hæfilegur frestur, sem yfirdómurinn ákveður, til að leiða vitni þau, sem honum hefir verið meinað að leiða fyrir undirrétti. En varakröfu gerir hann þá, að málinu verði vísað frá aukaréttinum og sér dæmdur kostur og tæring og málskostnaður eftir mati réttarins, og enn til vara, að hann verði dæmdur sykn af kærum og kröfum stefnda, og hann dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins bæði fyrir undir og yfirdómi, og til þrautavara, að hin ídæmda sekt og málskostnaður verði lækkað eins og lög frekast leyfa, og að honum verði

dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 9. sept. f. á. og krafist þess, að dómurinn verði þvingdur bæði að sekt og málskostnaði sem lög frekast leyfa, samkvæmt kröfum hans fyrir undirrétti, en til vara, að dómurinn verði staðfestur í öllum atriðum. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Kröfu sína um frávisun málsins frá aukaréttinum byggir áfrýjandi á því, að lögleg sáttatilraun hafi eigi verið gjörð í málinu. Með því að þetta málsatriði ber að rannsaka ex officio, og aðrar kröfur áfrýjanda geta eigi komið til álita, ef frávisunarkrafan telst á rökum byggð, verður að athuga þessa kröfu fyrst, þó að hún sé framsett til vara. Á sáttatilrauninni telur áfrýjandi þann galla, er sé frávisunarsök, að 2. sáttanefndarmaður, mágur og systrungur stefnda, hafi einn — stefndi er sjálfur 1. sáttanefndarmaður — fjallað um hana, án þess að bera undir áfrýjanda samkv. 34. gr. sáttatilsk. 20. jan. 1797, hvort hann gjörði sig ánægðan með það, en vottorð sáttanefndarmannsins um að báðir málsaðilar hafi samþykkt, að hann fjallaði um sættir í málinu, lýsir áfrýjandi rangt. Málskjölin bera með sér, að boðað var tvisvar til sáttafundar í málinu, fyrri skiftið 28. júní, en sá fundur fórst fyrir, og aftur 24. júlí, þegar sáttaumleitunin fór fram. Áfrýjandi kannast að visu við, að hann hafi 28. júní svarað fyrirspurn 2. sáttanefndarmanns um það, hvort áfrýjandi gerði sig ánægðan með, að hann einn fjallaði um málið, játandi, en þessi játun segir áfrýjandi, að hafi að eins átt við sáttafundinn 28. júní, en ekki við fundinn 24. júlí, en þá hafi sáttanefndarmaðurinn ekki spurt

sig um þetta, sem honum þó hefði verið skylt, samkvæmt fyr tédri lagagrein. Hins vegar hefir áfryjandi viðurkennt það, að hann hafi eigi á sáttafundinum hreyft neinum mótmælum gegn því, að 2. sátarnefndarmaður fjallaði einn um málið, eða látið í ljósi, að hann tæki samþykki sitt aftur. En þegar svo var, hafði sáttanefndarmaðurinn, jafnvel þó ekki lægi fyrir annað nýrra samþykki frá áfryjanda hálfu, fulla heimild til að líta svo á, að áfryjandi hefði samþykkt, að hann einn fjallaði um settir í málinu, og votta samkvæmt því á sáttakæruna eins og hann gerði. Sáttatilaunin verður því að teljast lögleg, en frávisunarkrafan eigi á rökum byggð.

Með hinum áfryjuðu úrskurðum var áfryjanda synjað um frest til vitnaleiðslu, og er fyrri úrskurðurinn, 2. janúar, byggður á þeirri ástæðu, að áfryjandi hafi þegar haft langan frest til vitnaleiðslu, og auk þess fleiri fresti, og því átt að hafa nægan tíma til að koma að vitnagögnum sínum í málinu, og síðari úrskurðurinn, 3. janúar, á því, að vitnisburður sá, er áfryjandi ætlaði að nota frestinn til að afla sér, sé þýðingarlaus í málinu. Með því að yfirdómurinn felst á þessar ástæður, ber að staðfesta hina áfryjuðu úrskurði, og er þá sjálfgefið, að varakrafa áfryjanda um frest fyrir yfirdómi til að leiða vitni þau, er honum var meinað að leiða fyrir undirrétti, verður eigi heldur tekin til greina.

Fyrir kröfu sinni um fulla sýknun í málinu færir áfryjandi þær ástæður, að hin umstefndu ummæli séu að nokkru leyti sönn og að öðru leyti eigi ærumeiðandi.

Skjal það, er ummælin eiga við, og lagt var fram í yfirdómi í máli milli stefnda og bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar Ísafjarðarkaupstaðar, er vottorð eða yfir-

lýsing 125 manna á Ísafirði um þrifnað og hirðusemi stefnda sem húsráðanda og lóðareiganda, og var skjalið staðfest fyrir rétti af nokkrum af undirskrifendum, en að öðru leyti tók áfryjandi fyrir hönd heilbrigðisnefndarinnar það jafn gilt eins og það væri staðfest í rétti. Engu að síður heldur hann því nú fram, að í vottorðinu sé farið með ósannindi, þar sem sagt sé, að heilbrigðisnefndin hafi ákært eða sektað stefnda fyrir óþrifnað, en það sé tilhæfulaust, og skjalið því réttnefnt lygaskjal. En áfryjandi fer hér eigi rétt með það, sem í skjalinu stendur, því þar segir svo: »Það vakti almenna undrun og óánægju meðal íbúa bæjarins, er sú fregn barst út, að heilbrigðisnefndin hefði fundið ástæðu til að ákæra (sekta) þenna mann (stefnda) fyrir óþrifnað« o. s. frv. Áfryjandi hefir eigi hrakið það, að áminst fregn hafi borist um bæinn og vakið þar almenna undrun og óánægju, og fjöldi undirskriftanna á skjalinu virðist bera vott um, að þessi ummæli hafi eigi verið röng eða ástæðulaus. Ann að hefir áfryjandi eigi tilgreint, er hann telji ósatt í yfirlýsingunni, og hefir hann því eigi réttlætt það, er hann nefnir hana lygaskjal. Eigi hefir honum heldur tekist að sanna, að stefndi hafi fengið neinn, enn síður flekað neinn, þ. e. fengið hann með ósönnum fortölum, til að skrifa undir skjalið, eða að hann hafi misbeitt stöðu sinni sem bankastjóri í því skyni. Hin átöldu ummæli verða að teljast mjög ærumeiðandi, og með því að þau eru eigi réttlætt, ber eftir kröfu stefnda að dæma þau dauð og ómerk og láta þau varða áfryjanda sekt samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir sektin hæfilega metin af undirdómaranum 40 krónur og vararefsingin 8 daga einfalt fangelsi.

Með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um ómerking ummæla í varnarskjölum áfryjanda og sekt fyrir þau, svo og um málskostnað, ber að staðfesta dóm þennan í öllum atriðum.

Eftir þessum úrslitum málsins ber áfryjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Áfryjandinn, Magnús bæjarfógeti Torfason, hefir í skjölum, er hann lagði eða hefir látið leggja fram í málinu, farið meiðandi og óvirðandi orðum um yfirdóminn, og verður því að sæta sekt fyrir ósæmilegan rithátt; ákveðst hún 40 kr., er renni að helmingi í landsjóð og að helmingi í fátækra sjóð Ísafjarðarkaupstaðar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi, Magnús Torfason bæjarfógeti, greiði stefnda Þorvaldi Jónssyni bankastjóra 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Áfryjandi greiði og sekt í landsjóð 20 kr. og í fátækra sjóð Ísafjarðarkaupstaðar 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

20. jan. nr. 38/1912.

Þórður J. Thoroddsen
gegn
hreppsnefnd Gerðahrepps.

D ó m u r:

Mál þetta hefir hreppsnefnd Gerðahrepps höfðað fyrir